

GJALDSKRÁ

fyrir Hafnarsjóð Tálknafjarðarhrepps.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Hafnarsjóð Tálknafjarðarhrepps er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1.

Gjaldskráin er við það miðuð að hafnarsjóður Tálknafjarðarhrepps geti haft nægar tekjur til þess að standa undir rekstri hafna sbr. 5. tölulið 3. gr. hafnalaga. Gjaldskrá tekur breytingum skv. ákvörðun hafnarstjórnar 1. janúar ár hvert.

Um gjaldtöku tengda stærð skipa.

2. gr.

Við ákvörðun gjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miðað við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælingarbréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykktina um mælingu skipa frá 1969.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Skipagjöld.

3. gr.

Lestargjöld:

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, kr. 9,20 á mælieiningu skv. 2. gr.

Undanþegin greiðslu lestargjalda eru skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld:

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða samkvæmt eftirfarandi:

Skip við bryggju kr. 4,60 á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma, sem skip liggur bundið, hámark 13 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 57,00 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 6.940 á mánuði. Batar minni en 50 brt greiða þó aldrei lægra en kr. 5.050 á mánuði. Skip sem eru undanþegin lestargjaldi eru einnig undanþegin bryggjugjaldi. Gjald fyrir báta er nýta hafnarlegu skemur en 7 daga í mánuði reiknast 50% af gjaldskrá. Fyrir lengri tíma en 7 daga reiknast fullt mánaðargjald.

Vörugjöld.

4. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

5. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru láttnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem láttnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

6. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfvörugjald. Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarhöfn. Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fullt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar á land.

7. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar. Farþegar, bifreiðar þeirra, farangur og vöruflutningar með ferjum og flóabátum, sem njóta styrks samkvæmt vegalögum eru undanþegnir vörugjaldi. Heimilt er þó að taka vörugjöld af vöru í vörugjaldsflokkum 1, 2 og 3, sbr. 10. gr.

8. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

9. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóri, eða afgreiðslumaður, skips skal láta höfninni í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn. Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

10. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldsskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldsskrá:

1. fl.: Gjald kr. 240 fyrir hvert tonn:
Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald kr. 445 fyrir hvert tonn:
Lýsi og fiskimjöl.
3. fl.: Gjald kr. 480 fyrir hvert tonn:
Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda, pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjavörur og ávextir.
4. fl.: Gjald kr. 960 fyrir hvert tonn:
Aðrar vörur sem ekki eru tilgreindar í flokkum 1 – 3.
5. fl.: Gjald 1,60%:
Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjald af ferskum sjávarafurðum reiknast af ætluðu aflaverðmæti hvers mánaðar. Ætlað aflaverðmæti miðast við meðalverð hvernar fisktegundar á Vestfjörðum sem útgefið er af Verðlagsstofu skiptaverðs. Viðmiðunin er bundin meðaltali annars til sjöunda mánaðar frá aflamánuði. Sé ekki til meðaltalsverð yfir sjávarafla skal áætlað söluverð hans reiknað út frá þorskígildislutfalli viðkomandi tegundar samkvæmt viðmiðun Fiskistofu.
Gjald af frystum aflu frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarsöliverðmætis aflans. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd afurða og gjald af gámafiski reiknast af ætluðu heildarsöliverði. Kaupanda ber að afhenda höfninni skýrslu um keyptan aflu og afurða mánaðarlega, t.d. afrit af söluuppgjöri milli kaupanda og seljanda. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og aflu er landað.
Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Seljandi aflu og afurða ber ábyrgð á greiðslu aflagjalds til

hafnarinnar. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega. Hámarks-
gjald samkvæmt þessum flokki er kr. 4.000 fyrir hvert tonn og lágmarksgjald í öllum
flokkum er kr. 130.

Farþegagjald.

11. gr.

Farþegagjald greiðist við komu og brottför farþega sem fara um höfn Tálknafjarðarhrepps, kr.
60 á 16 ára og eldri og kr. 30 á 15 ára og yngri. Farþegar ferja og flóabáta sem njóta styrks sam-
kvæmt vegalögum eru undanþegnir þessari gjaldtöku.

Hafnsögugjöld.

12. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt útlögðum kostnaði.

Festargjöld.

13. gr.

Festargjöld fyrir hverja afgreiðslu er kr. 6.630 m.v. að einn maður sinni þjónustunni á opnunar-
tíma hafnar. Þurfi fleiri en einn mann til að sinna afgreiðslu á opnunartíma innheimtist sama gjald
fyrir hvern viðbótarstarfsmann. Utan hefðbundins opnunartíma greiðist skv. útkalli.

Móttaka skipa sem falla undir ISPS-kóða.

14. gr.

Öryggisgjald fyrir hverja skipakomu kr. 35.045.
Öryggisgæsla pr. öryggisvörð í dagvinnu kr. 4.200 á klst.
Öryggisgæsla pr. öryggisvörð í yfirvinnu kr. 7.560 á klst.

Sorpgjald.

15. gr.

Bátar að 50 brt kr. 1.480 á mánuði.
Bátar yfir 50 brt kr. 4.340 á mánuði.
Vegna legu 7 daga eða færri 50% af mánaðargjaldi.
Fristundaveiðibátar undir 50 brt kr. 1.110 á mánuði.

Rafmagnssala.

16. gr.

Rafmagnssala kr. 11 á kWst.
Tengigjald fyrir afnot af föstum tenglum vegna landtengingar við hafskipakant kr. 5.610.
Rafmagnsmælur fyrir smábáta skulu afhentir og skráðir hjá hafnarverði.
Trygging fyrir rafmagnsmæli til notkunar á smábátabyrggju er kr. 40.000 og endurgreiðist það
gjald við skil á rafmagnsmæli.
Rafmagnsgjöld breytast án fyrirvara skv. breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hverju sinni.

Vatnssala.

17. gr.

Vatnsgjald: Bátar að 50 brt kr. 1.225 á mánuði.
Bátar yfir 50 brt kr. 1.225 fyrir hverja löndun, en þó ekki oftar en fimm sinnum í
mánuði.

Vigtargjöld.

18. gr.

Almenn vigtun kr. 125 á tonn.
Lægsta gjald fyrir einstaka vigtun kr. 645.
Után hefðbundins opnunartíma hafnarinnar skal greiða fyrir útkall.

Löndunar- og skráningar- og kranagjöld.

19. gr.

Löndunar- og skráningargjöld eru kr. 255 á hvert landað tonn á öll skip.

Geymsla veiðarfæra og flutningur gáma á hafnarsvæðinu.

20. gr.

Óheimilt er að geyma gáma sem ekki eru í beinum tengslum við fragtflutninga á hafnarsvæðinu. Einungis er heimilt að hafa gáma sem eru í fragtflutningum á hafnarsvæðinu á meðan verið er að losa eða lesta þá í samráði við hafnarstjóra eða fulltrúa hans.

Óheimilt er að geyma veiðarfæri og tilheyrandi búnað á hafnarköntum. Starfsmanni hafnarinnar er heimilt að fjarlægja búnað sem þannig er ástatt um á kostnað eiganda eða beita sektum allt að kr. 4.000 á sólarhring sé óskum um að fjarlægja hann ekki sinnt.

Önnur þjónusta.

21. gr.

Hefðbundinn opnunartími hafnarvogar er frá kl. 7.00 til kl. 17.00 virka daga. Á öðrum tímum en að ofan greinir, þ.e. utan hefðbundins opnunartíma, skal greiða að lágmarki tveggja tíma útkall, kr. 3.880 fyrir hverja klst. Heimilt er að deila útkallsgreiðslu á skip komi fleiri en eitt inn til löndunar á sama tíma. Sé óskað eftir þjónustu hafnar á tímabilinu eftir kl. 23.00 til kl. 8.00 að morgni skal tilkynning um það hafa borist starfsmanni hafnarinnar á vakt fyrir kl. 22.00 það kvöld. Að öðrum kosti verður þjónusta ekki sinnt fyrir en eftir kl. 7.00 næsta morgun nema um neyðartilfalli sé að ræða.

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

22. gr.

Skrifstofa Tálknafjarðarhrepps sér um innheimtu allra hafnargjalda. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

23. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Hafnarsjóðs Tálknafjarðarhrepps vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda starfsmanni hafnarinnar þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef starfsmaður hafnarinnar krefst þess vegna ófullnægjandi upplýsinga frá skipstjóra og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá starfsmanni hafnarinnar að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarsjóðs.

24. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfn. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skips standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir. Vörugjald af vörum sem koma til hafnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfn fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrir en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Afla-gjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

25. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi. Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða váttryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðkröfum sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Tálknafjarðarhreppi er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

27. gr.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts. Hafnarsjóði Tálknafjarðarhrepps er skylt að innheimta virðisaukaskatt af öllum gjöldum í gjaldskrá þessari, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Gildistaka.

28. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Hafnarsjóð Tálknafjarðarhrepps er samþykkt af hafnarstjórn þann 18. febrúar 2011, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004. Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

Tálknafirði, 18. febrúar 2011.

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir hafnarstjóri.